

## 7. Krúmvarp

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

### I. kafli. .

#### *Orðaskýringar.*

##### 1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

*Hjerað* merkir kaupstað, sýslu eða hrepp.

*Innlendar* er hver sá, sem búsettur er á Íslandi og er íslenskur ríkisborgari eða nýtur jafnrjettis við þá.

*Útlendar* er hver sá, sem ekki getur talist innlendir samkvæmt þessum lögum.

*Umsækjandi* er hver sá maður, fjelag, samlag eða stofnun, er sótt hefir um vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

*Sjerleyfishafi* er hver sá, er fengið hefir og ræður yfir vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

*Virki* merkir hver þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, eða í ráði að gera, nota eða hafa til taks, samkvæmt umsókn (4. gr.) eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, orkuveitu og iðjuver.

*Miðlunarvirki* merkir hver þau virki, sem til þess eru ætluð að breyta eðlilegu vatnsmagni í vatnsfalli.

*Orkuver* merkir öll þau virki, sem til þess eru ætluð að ná vatnsorku úr fallvatni og breyta henni í raforku eða annað orkuliki, svo sem miðlunarvirki

og hver þau virki, sem breyta framrás og farveg vatnsins, fyrirhleðslur, skurðir, undirgöng, vatnsæðar o. fl., orkustöðvarnar með þar til heyrandi vjelum og öðrum tækjum, þar með taldar eimorkuvjelar eða aðrar orkuvjelar, sem ætlaðar eru í viðlögum til viðbótar eða í stað vatnsorkuvjelanna, með íbúðarhúsum verkamanna og hverjum þeim húsum, sem til heyra, ásamt öllum landspildum og rjettindum, sem höfð eru eða ætluð í þarfir orkuversins.

*Orkuveita* merkir hver þau virki, sem ætluð eru til að koma vatnsorkunni í einhverju líki frá orkuveri þangað, sem þeir taka við henni, er hagnýta hana.

*Iðjuver* merkir hver þau mannvirki, hús og tæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi reisir eða ætlar að reisa í þarfir þeirrar iðju, sem hann ætlar orkuna til.

*Fyrirtæki* merkir það fyrirtæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi stofnar og rekur, eða ætlar að stofna og reka, samkvæmt umsókn sinni eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, og þar að auki orkuveitu og iðjuver, ef því er að skifta.

## II. kafli

### *Almenn ákvæði.*

#### 2. gr.

Eigi er heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr þeim, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Ríkisstjórn getur þó veitt samþykki til þess, að hjeradsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meira en 500 eðlishestöfl sje að ræða, ef að eins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um virkjun ríkisins á fallvötnum fer eftir ákvæðum Alþingis.

## III. kafli.

### *Um sjerleyfi til handa innlendum mönnum.*

#### 3. gr.

1. Innlendir menn geta fengið sjerleyfi ríkisstjórnar til að virkja fallvötn, ef fyrirtækið horfir til nytsemdar og fer ekki í bága við hagsmuni almennings, með þeim nánari skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, samkvæmt þessum og öðrum gildandi lögum.

2. Sama gildir um:

a) hlutafjelög og önnur fjelög, sem að lögum eru talin fjelög með takmarkaðri ábyrgð, ef stjórn þeirra er alinnlend og allur fjárstofninn eign innlendra manna,

b) stofnanir, ef stjórn þeirra er alinnlend og markmið þeirra horfir til almenningsheilla.

## Umsóknir um vatnsorkusjerleyfi.

### 4. gr.

Hver sá, er æskir sjerleyfis til að virkja fallvatn, skal senda ríkisstjórn umsókn sína og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hjer segir:

1. Nafn, staða og heimili umsækjanda.

2. Nafn eða lýsing á því vatnsfalli eða stöðuvatni, sem hugsað er til að taka vatn úr.

3. Hvar hugsað er að veita vatninu úr farvegi og hvar í hann aftur, og hæðarmunur á yfirborði vatnsfallsins á þeim tveim stöðum.

4. Vatnsmagnið alt (i tenm. á sek.) á þeim stað, þar sem vatn skal tekið upp, i minsta, mesta og meðallagi; á hverju sú skýrsla er bygð.

5. Hvort miðlunarvirki eru fyrirhuguð, og þeim þá lýst, og fylgi uppdráttur, og sýnt á honum það land, sem fer í kaf, og sagt flatarmál þess; nefnt rúmmál þess vatns, sem safna megi í uppistöðuna.

6. Stutt en skýr lýsing á öllu fyrirtækinu, orkuveri, orkuveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á; fylgi uppdrættir og lýsing, sjáist á þeim, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin; skýrt frá því, hve mikið vatn (tenm. á sek.) hugsað er að taka úr farvegi að orkuverinu, hver fallhæðin verður á því vatni og hve mörg hestöfl nýtast á vatnshjóli; hvort, og þá hve nær, hugsað er til að stækka orkuverið, svo að alt vatnsmagnið verði notað.

7. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þar sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir.

8. Nefnd mannvirki, ef nokkur eru, ofar eða neðar, gerð til að nota vatn úr vatnsfallinu, t. d. til áveitu; sagt til, hvort nokkurt þeirra muni biða бага af orkuverinu, og þá hver og hvernig.

9. Hve nær umsækjandi telur sjer fært að hafa til fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

10. Hve nær hann telur sjer fært að byrja á virkjunum og hve nær að hafa þau fullgerð, hversu margt verkafólk muni þurfa í flesta lagi, meðan virkin öll eru í smíðum, og hversu margt til rekstrar alls fyrirtækisins framvegis; hvort umsækjandi fer fram á að mega ráða útlent verkafólk, og þá hvaðan og hversu margt.

11. Til hvaða iðju orkan er ætluð, að því fráskildu, sem kynni að verða áskilið almenningi til afnota; hvort umsækjandi ætlar sjálfur að reka þá iðju, eða selja öðrum orkuna til þess, og þá hverjum, og hvað því er til sönnunar, að hann eigi kaupanda vísan.

12. Hvar iðjuver eiga að standa, sem orkuna fá, og þeim lýst.

13. Hvernig hugsað er til að veita orkunni frá orkuverinu að iðjuverum, og yfirleitt til þeirra, sem ráðgert er að fái orku frá orkuverinu; lýsing á þeirri leið og veituvirkjum, sem fyrirhuguð eru.

14. Hvort umsækjandi telur sjer þörf á samgöngubótum til flutnings að og frá orkuveri eða iðjuveri, eða báðum, og því lýst, hvað hann ætlar fyrir sjer og fer fram á um þær samgöngubætur.

15. Áætlun um það, hvað öll virkin muni kosta: a) miðlunarvirki, b) orkuver, c) orkuveita, d) iðjuver til hagnýtingar orku, e) samgönguvirki.

16. Hvort umsækjandi hefir ráð á öllu því fje, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hygst að afla þess fjár, sem á vantar, og hverjar líkur eru til að það muni takast.

17. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers fjelags eða stofnunar, sbr. 3. gr. 2. lið, þá skal segja nöfn, stöðu og heimili stjórnenda, segja til hvar höfuðskrifstofa þess er og varnarþing, láta fylgja lög þess, eða aðrar fullgildar sannanir fyrir því, að það fullnægi skilyrðum 3. greinar, enn fremur sönnun þess, að umsækjandi hafi fult umboð þess fjelags, eða stofnunar, til að bera fram slíka umsókn og koma slíku fyrirtæki á fót.

Ríkisstjórn getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hverskonar nánari eða frekari upplýsingar, áður en honum verði svarað, enda sanni hann fyrir ríkisstjórn, áður leyfi er veitt, heimildir sínar til vatnsorku þeirrar, er hann vill hagnýta.

18. Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað eða fyrirhöfn, ef hestatala sú er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 500 hestöflum.

#### 5. gr.

Áður sjerleyfi er veitt, skal ríkisstjórn senda fyrirspurn til þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, og annara nálæggra hjeraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja hjeraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf hug á því að virkja þetta fallvatn í almenningsþarfir, og þá hvenær og hvernig hún sjái sjer fært að koma því í verk. Ef hjeraðsstjórn getur tekið að sjer virkjun þessa, má eigi veita öðrum sjerleyfi.

#### 6. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að ríkisstjórn telji gerlegt að ráða málinu til lykta, og ástæðan sú, að ítarlegri mælingar á fallvatninu og öllum staðháttum o. fl. myndu baka umsækjanda mjög mikinn tilkostnað, og má þá ríkisstjórnin veita honum rannsóknarleyfi; skal það leyfi veita honum forgangsrjett, ef til kemur, að ríkisstjórnin veitir sjerleyfi til að virkja þetta fallvatn, ef engin ótvírætt álitlegri umsókn verður þá fyrir hendi.

Slíkt rannsóknarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 2 ára.

7. gr.

Þá er sjerleyfis er beiðst, er fer fram úr 25000 hestöfium, skal samþykki Alþingis fengið áður en sjerleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð á þinginu sem lagafrumvörp.

8. gr.

Hvert vatnsorkusjerleyfi skal meta svo, sem það feli í sjer öll þau ákvæði þessara laga, er náð geta til allra sjerleyfa, enda þótt þau sjeu ekki tekin í sjerleyfisbrjefið.

9. gr.

Í sjerleyfi skal greina þessi atriði, eftir því sem við á:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Tilvitnun í umsókn hans og rannsóknarleyfi, ef það hefir verið veitt.
3. Sjerleyfistíminn tiltekinn, sbr. 11. gr.
4. Því lýst greinilega, hver og hve stór þau virki eru, sem sjerleyfið heimilar að halda við og hagnýta, og visað til uppdráttu, landabryjefa eða frumdráttu, er landsstjórn hefir samþykkt, þar sem sjá má legu og stærð virkjanna; má festa afrit af þeim við sjerleyfisbrjefið.
5. Tekið til það vatnsmagn, sem veita megi, í mesta lagi, úr farvegi og hagnýta, í upphafi og framvegis, meðan sjerleyfið helst, og sje um miðlun að ræða, þá nefna það rúmmál vatns, sem safna má í mesta lagi fyr eða síðar á sjerleyfistímanum.
6. Hvaða árgjald skuli greiða af hverju hestafli og á hvern hátt ákveða skuli þá hestafatölu, sem gjaldskyld er, sbr. 12. og 13. gr.
7. Tekið fram, til hvers hann megi nota orkuna; hvað ríkinu og almenníngi er áskilið af orkunni, ef krafist verður fyr og síðar; hvort hann megi annars selja orku eða leigja, eða aðrir hagnýta hana; og sje svo, þá nefna innan hverra endimarka honum skuli heimilt að selja orkuna eða leigja, eða afhenda öðrum notkunarrjett á henni, eftir því sem nánar er um mælt í 14. og 15. gr.
8. Hve nær öll virkin skuli fullgerð í síðasta lagi, sbr. 17. gr.
9. Hve nær sjerleyfishafi skuli hafa afhent fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun, sbr. 16. gr.
10. Hver þau lönd eru eða landsafnot, rjettindi eða mannvirki, sem sjerleyfishafi telur sig þurfa til fyrirtækisins.
11. Hvort og hversu mikið fje hann skuli setja því til tryggingar, að hann rjúfi ekki sjerleyfis skilyrðin að neinu leyti, og greiðist það innan 8 vikna frá því er honum er tilkynt samþykki ríkisstjórnar á fullnaðardráttum.
12. Að ríkisstjórn eða umboðsmanni hennar skuli jafnan frjáls aðgangur að öllum mannvirkjum sjerleyfishafa til eftirlits. Í sjerleyfi má og áskilja, að kostnaður við eftirlit og rannsóknir, er stjórnin lætur framkvæma, samkv. 20. og 22. gr., þar með talin starfslaun kunnáttumanna er hún skipar til þess, greiðist að einhverju eða öllu leyti af sjerleyfishafa.
13. Önnur skilyrði, sem ríkisstjórnin telur nauðsynleg til almenningsheilla, svo sem um viðurgerning verkafólks, umbætur á samgöngutækjum, um fjárstofn

fjelagsins, sbr. 25. gr., svo og hvort, og þá með hvaða skilyrðum sjerleyfishafa sje heimilt að nota aðra verkamenn en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft heimilisfang hjer á landi í eitt ár, við byggingu orkuversins eða við atvinnurekstur þann, sem fær orku þaðan.

#### 10. gr.

Sjerleyfishafa skal skylt:

1. Að greiða þann kostnað, sem hlýttst af aukinni löggæslu vegna starfsemi hans.

2. Að greiða þann kostnað, sem stafar af auknu viðhaldi á vegum, brúm eða öðrum samgöngutækjum, vegna atvinnu hans eða þeirra iðjuvera, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans. Samgöngutæki, er sjerleyfishafi lætur gera í þarfir atvinnu sinnar, skulu vera heimil til almenningsnota, að svo miklu leyti sem ríkisstjórnin telur það verða mega, án verulegs óhagræðis eiganda. Hæfileg borgun fyrir þau afnot, ef eigi er um vegi eða brýr að ræða, greiðist eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.

3. Að gera nauðsynlega ráðstöfun, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður hans verði heim til þyngsla.

4. Að veita íslenskum atvinnuvegum kost á afurðum þeim, sem framleiddar eru með orkunni, ef þær mega koma þeim að gagni, fyrir niðursett verð, er svari tilkostnaði við vinsluna, að viðbættum hæfilegum ágóða. og skal ríkisstjórnin ákveða verðið.

5. Að láta í tje til ríkisins, hjeraða eða orkuveitufjelaga alt að tilteknum hluta orkunnar eða alt að einhverri tiltekinni hestaflatölu eða orku, eftir þörfum almennings á tilteknu svæði, fyrir verð, sem ríkisstjórnin ákveður og miðast við tilkostnað, að viðbættum tilteknum hundraðshluta, venjulega ekki meira en 10% og aldrei meira en 20%. Ríkisstjórnin setur reglur um orkuútlátin að öðru leyti, sbr. 14. og 15. gr.

#### Um tímalengd sjerleyfis.

##### 11. gr.

Í sjerleyfi skal tiltaka tímalengd hvers sjerleyfis, og má hún aldrei fara fram úr sjötíu og fimm árum, að telja frá þeim degi, er sjerleyfi var veitt.

#### Um sjerleyfisárgjöld.

##### 12. gr.

1. Greiða skal árgjald af hverju sjerleyfi í rikissjóð og skal miða það við þá hestaflatölu, sem hagnýtt er, eða heimilað er að hagnýta, eftir því sem betur þykir haga.

2. Ríkisstjórnin ákveður þetta árgjald, og má það ekki nema minnu en 50 aorum og ekki meiru fyrstu 25 árin frá því er virkin eru fullgerð en 5 kr. af hverju hestafi.

3. Gjaldldagi árgjaldsins er 2. janúar ár hvert, og greiðist fyrirfram.

4. Það árgjald, sem ákveðið er í fyrstu, skal haldast þar til 35 ár eru liðin frá því er virkin voru fullgerð, nema ríkisstjórn, og sjerleyfishafi semji sín á milli um breytingu á því. Því sjerleyfisgjaldi, sem þá verður ákveðið, má svo breyta að liðnu 35 ára tímabilinu, ef vill, á hverjum 10 ára fresti, þó svo, að gjaldið verði aldrei hærra en 10 kr. af hverju hestafi,

5. Ef ríkisstjórn ætlar að hækka sjerleyfisgjaldið, skal hún gera sjerleyfishafa viðvart um þá fyrirhuguðu hækkun með árs fyrirvara að minsta kosti.

6. Innan 8 vikna frá því er sjerleyfishafa var gert viðvart, má hann ef vill, senda ríkisstjórninni skrifleg andmæli gegn þessari fyrirhuguðu hækkun, og lýsa þeim ástæðum, sem hinn ber fyrir sig. Náist síðan ekki samkomulag, sker sjerleyfisdómur úr.

7. Nemi hestaflatala sú, er heimilað er að hagnýta eigi meiru en 200 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða; nemi hestaflatalan meiru, en ekki yfir 500 eðlishestöflum, má ríkisstjórnin setja árgjaldið lægra en 50 aura af hestafinu og jafnvel láta það falla niður með öllu.

#### 13. gr.

Lögtaksrjettur fylgir sjerleyfisárgjöldum og öðrum gjöldum, er hvíla á sjerleyfishafa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal sektum, og standa eignir og rjettindi sjerleyfishafa að veði fyrir þeim.

#### Um verðlag á orku.

#### 14. gr.

1. Í sjerleyfisbrjefi skal ákveða:

a) hvar og til hvers sjerleyfishafi megi sjálfur hagnýta þá orku, sem hann aflar sjer samkvæmt sjerleyfinu.

b) innan hverra endimarka honum skuli frjálst að selja einstökum mönnum eða fjelögum orku, ef minnu nemur en 300 kílóvöttum til sama kaupanda.

c) hversu mikið af orkunni skuli standa til boða í almenningsþarfir, ríkinu eða hjeruðum eða raforkufjelögum, fyr og síðar á sjerleyfistímanum, ef krafist verður, og þá með hvaða fyrirvara.

2) Ef honum býðst kaupandi að orku, utan þess takmarks, sem ákveðið er í sjerleyfi hans samkvæmt 1. lið b., og er um minni kaup að ræða en nemi 300 kílóvöttum, þá má ríkisstjórnin leyfa honum að selja, ef salan, að hennar dómi, fer ekki í bága við hagsmuni almennings.

3. Nú býðst honum kaupandi eða leigjandi að orku, svo að nemur 300 kílóvöttum eða meiru, og má hann þá því að eins láta orkuna af hendi ef ríkisstjórnin gefur út orkuleyfi þeim til handa, sem falast eftir orkunni, og tilkynnir honum, að það leyfi sje veitt og með hvaða skilmálum. Skal honum þá skylt að haga afhendingu raforkunnar í fullu samræmi við þá skilmála, sem settir eru í orkuleyfinu.

4. Ríkisstjórn er heimilt að veita slik orkuleyfi, ef hún telur það ekki

fara í bága við orkuþarfir almennings, en jafnan skal ríkisstjórn binda slíkt orkuleyfi hverjum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir, eða almenningsheill krefur, að hennar dómi; og skylt er ríkisstjórninni að synja um orkuleyfi, ef það, að hennar dómi, myndi fara í bága við hagsmuni almennings.

#### 15. gr.

1. Verðið á þeirri orku, sem sjerleyfishafi selur samkvæmt 14. gr. 1. b. og c., skal jafnan fara eftir gjaldskrá, sem ríkisstjórnin setur.

2. Áður en gjaldskrá er sett skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði. En óheimilt er honum þá að meta sjerleyfi sitt til peningaverðs, og landareignir sínar, sem hann notar í þarfir orkuversins, má hann ekki meta verðhærrí en aðrar jafnstórar landareignir í sömu sveit, sem fjær eru vatnsfallinu, en jafnar að landgæðum.

3. Hafi sjerleyfishafi að dómi ríkisstjórnarinnar metið tilkostnað sinn of hátt, þá má hún miða gjaldskrána við þann lægri tilkostnað, sem hún álitur að frekast verði tekinn til greina.

4. Nú hefir reksturskostnaður sjerleyfishafa á orkuveri hans orðið svo mikill, að óhófi gegnir, og má þá miða orkuverðið við þau minni útgjöld, sem nægja myndu, ef reksturinn væri í góðu lagi og útsölnunni á orkunni haganlega fyrirkomið. Skal ríkisstjórn þá skýra sjerleyfishafa frá öllu því, sem hún telur ábótavant, og gera sjer alt far um að koma viðskiftum sjerleyfishafa við almenning í það horf, að afhending orkunnar geti orðið sem haganlegust og verðið sem lægst, en sjerleyfishafi hafi þó haft rjettmætan hagnað af fyrirtæki sínu.

5. Þessa gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en á hverjum 5 ára fresti.

6. Ef kærur berast frá almenningi þess i milli út af því, að afhending orkunnar sje ekki í lagi, eða verðið sje mun hærra en þá gerist þörf, eða frá sjerleyfishafa, að verðið sje svo lágt, að hann bíði tjón af sölnunni, skal ríkisstjórn reyna að miðla málum milli kaupanda og seljanda, og má hún þá, breyta einstökum atriðum í gjaldskránni, lækka eða bækka, ef hún telur það rjettmætt.

#### Um fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

#### 16. gr.

1. Þegar eftir að sjerleyfi er veitt skal sjerleyfishafi taka til að semja fullnaðardrætti sína og sundurliðaða fullnaðaráætlun, er nái yfir öll virkin og alla gerð og rekstur fyrirtækisins í heild sinni. Fullnaðardrættir og áætlanir skal vera svo vandað og nákvæmt, að unt sje að framkvæma verkið eftir þeim í öllum atriðum.

2. Þessa fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun skal senda ríkisstjórn til athugunar; getur hún heimtað enn frekari upplýsingar, ef þurfa þykir, því til tryggingar, að fyrirtækið sje vel ráðið og verði til hagnaðar fyrir almenning.

3. Ríkisstjórn getur síðan lagt samþykki sitt á þá fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun. En skylt er sjerleyfishafa að láta í tje hvers konar frekari upplýsingar sem krafist kann að verða af honum i samræmi við ákvæði þessara laga.



4. Þessu málefni skal ráðið til lykta áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er sjerleyfishafa bar að afhenda fullnaðardrætti sína og áætlnn samkvæmt sjerleyfisbrjefinu. Skal þá ríkisstjórnin gera sjerleyfishafa kunnugt að hún hafi:

- a) samþykkt fullnaðardrætti hans og áætlun án frekari skilmála
- b) samþykkt þetta tvent með tilteknum skilyrðum og þau nefnd, eða
- c) neitað um samþykki sitt, og málinu sje vísað til sjerleyfisdóms.

#### Mannvirkin reist.

##### 17. gr.

Sjerleyfishafi skal byrja á virkjunum eigi síðar en 1 ári eftir að honum barst samþykki ríkisstjórnar samkvæmt 16. gr. Skal hann halda verkinu áfram, án þess hlje verði á, önnur en þau, er stafa af illviðrum eða öðrum viðburðum, sem ekki verður við ráðið. Skal hann fullgera öll virkin innan 7 ára frá dagsetningu sjerleyfis og í samræmi við þá fullnaðardrætti og áætlanir, sem ríkisstjórn samþykkti, skilyrðin í sjerleyfinu og fyrirmæli þessara laga.

##### 18. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir veitt sjerleyfi, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki, og þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst ekki.

##### 19. gr.

1. Sjerleyfishafa er óheimilt að byrja á virkjunum fyr en honum hefir verið tilkylt samþykki ríkisstjórnar samkvæmt 16. gr., og þeir sjerstöku skilmálar fyrir því samþykki, ef nokkir eru, enda hafi hann lýst yfir því skriflega, að hann gangi að þeim viðbótarskilyrðum.

2. Nú vill sjerleyfishafi haga virkjunum eða öllu fyrirtækinu eitthvað öðruvísi en samþykkt hafði verið (16 gr.), og er um ótvíræða breytingu að ræða, og verður hann þá að senda ríkisstjórninni nákvæma lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu, og getur hún þá leyft honum breytinguna; er honum þá skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem ríkisstjórn kann að setja fyrir því samþykki sínu; sama gildir, ef hann sækir um framlenging á þeim fresti, sem honum var ætlaður til að fullgera virkin. Frestur þessi má þó ekki lengri vera en 1 ár, og má setja gjald til ríkissjóðs sem skilyrði fyrir honum.

##### 20. gr.

Ríkisstjórn, eða sá, er hún veitir umboð til þess, skal hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum sjerleyfishafa, meðan þau eru í smiðum, til að gæta þess, að öll virkin verði gerð í fullu samræmi við samþykta fullnaðardrætti og öll þau

skilyrði, sem sjerleyfishafa ber að halda. Hann skal veita því athygli, hver tilkostnaðurinn verður, og þá eiga heimtingu á að sjá alla reikninga sjerleyfishafa og verkstjóra hans þar að lútandi.

#### 21. gr.

1. Ef verkfræðingur er settur til eftirlits, samkvæmt 20. gr., er sjerleyfishafa skylt að fara eftir hverri skriflegri fyrirsögn hans, sem lýtur að því, að öll virkin verði gerð í samræmi við þá fullnaðardrætti er samþykktir hafa verið; ef ágreiningur verður milli þeirra, skal ríkisstjórn skera úr, og skal það vera fullnaðarúrskurður.

2. Nú vanrækir sjerleyfishafi að fara eftir skriflegri fyrirsögn verkfræðingsins, sem eftir litur, eða úrskurði ríkisstjórnar, og getur hún þá skipað sjerleyfishafa að stöðva alla vinnu að virkjunum, þar til hann bætir úr vanrækslu sinni.

3. Sjerleyfishafa er skylt að senda ríkisstjórn, nær sem krafist verður, skýrslur um verkið,

4. Innan 8 vikna frá þeim degi, er ákveðið var í sjerleyfinu að virkin skyldu fullger, ber sjerleyfishafa, nema ríkisstjórnin hafi veitt frest (19. gr.) að senda henni skriflega yfirlýsingu um það, að virkjun sje nú lokið.

### Um viðhald og rekstur.

#### 22. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, þá er ástæða þykir til, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin, og fá honum umboð til þess. Skal sá kunnáttumaður hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum og öllum rekstri þeirra svo og að öllum bókum, uppdráttum og skýrslum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu. Skal honum heimilt, að framkvæma hvers konar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Að því loknu er sjerleyfishafa skylt, að hlíta úrskurði ríkisstjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið eða notað, og hversu mikillar orku sje aflað eða aflað mætti.

#### 23. gr.

Aldrei má stöðva rekstur virkjanna að nauðsynjalausu, nje heldur að nauðsynjalausu draga svo úr honum, að neins missi við af því afli, sem selt er í almenningsþarfir.

#### 24. gr.

Hver sjerleyfishafi skal halda nákvæma sundurliðaða reikninga yfir allar tekjur og gjöld fyrirtækisins.

Ríkisstjórnin getur, nær sem vill, krafist þess, að hver sjerleyfishafi láti henni í tje, á 4 mánaða fresti, skýrslu um allan fjárhag fyrirtækisins, og skipað fyrir um, hvernig slík skýrsla skuli gerð.

Ríkisstjórninni, eða þeim, er hún skipar til þess, skal heimilt, er þörf

þykir, að rannsaka allar bækur, reikninga og yfirlit, sem áhræra alt fyrirtæki eða virki sjerleyfishafa.

#### 25. gr.

Hlutabryf eða önnur eignarskirteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi, samkvæmt lögum þessum, verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, er sjerleyfi má veita, samkvæmt 3. gr. og 36. gr., eða Landsbanka Íslands. Ríkisstjórnin getur þó veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum hönkum eða fjelögum á Íslandi. Þetta skilyrði skal setja í brjefin á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Skal fjelagið skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og ríkisfang. Þó skal öðrum en þeim, er hjer greinir, frjálst að eignast slik hlutabryf eða eignarskirteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 32. gr. Sama gildir, ef hluthafi eða eigandi eignarskirteina missir rjett til sjerleyfis, samkvæmt 3. gr. og 36. gr.

Að jafnaði skal setja það skilyrði í sjerleyfi, að fjárstofn fjelagsins skuli á hverjum tíma nema að minsta kosti þriðjungi þess fjár, sem þá hefir verið varið til fyrirtækisins.

### Sjerleyfisskilyrðum breytt.

#### 26. gr.

Nú vill sjerleyfishafi:

a) breyta virkjum sínum, og um gagngerða breyting er að ræða frá þeim fullnaðardráttum, sem þau voru gerð eftir, og vitnað er til í sjerleyfisbrjefi hans.

b) taka orkuna til annara afnota en honum voru leyfð (14. gr. 1. lið), og skal hann þá senda ríkisstjórn frumdrætti og lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu. Má ríkisstjórn leyfa breytinguna, og getur hún þá sett hver þau skilyrði, sem henni þykir hlýða, og skal fara um þau eftir þeim lögum og reglum, sem þá verða í gildi.

### Um framsal.

#### 27. gr.

1. Nú vill sjerleyfishafi afhenda sjerleyfi sitt eða fyrirtækið, sem sjerleyfið er miðað við, öðrum til handa, og verður hann þá að fá skriflega heimild ríkisstjórnar til þess, og það enda þótt í ráði sje, að eitthvert hjerað landsins taki við af honum.

2. Slikt framsalsleyfi má ríkisstjórnin því að eins veita, að skiftin fari ekki í bága við hagsmuni almennings, og þá sjerstaklega, að sjerleyfishafa sje ekki heitið neinni borgun fyrir þau rjettindi, sem honum hafa verið veitt með sjerleyfinu.

3. Enga slíka afhending eða framsal skal meta löglegt, nema viðtakandi gangist undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, að ríkisstjórnin taki gilt, svo og þá skilmála, sem hún kann að setja í framsalsleyfi sínu.

#### 28. gr.

1. Ekkert það fyrirtæki, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt þessum lögum, má setja að veði, nema ríkisstjórnin leyfi, enda sje lánsfjeð ætlað í þarfir fyrirtækisins.

2. Nú hefir lánardrottinn tekið fjárnámi eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt lögum þessum, og er honum þá rjett að reka fyrirtækið í alt að því 5 ár, með því móti, að hann ræki allar þær kvaðir og skilmála, sem á sjerleyfishafa hvíla samkvæmt sjerleyfinu.

3. Ef lánardrottinn hefir ekki neytt heimildar sinnar, samkvæmt 2. tölulið, eða sjerleyfishafi hefir ekki að þeim tíma liðnum, sem þar segir, tekið við fyrirtækinu aftur. eða framsal farið fram, samkvæmt 27. gr., þá skal ríkisstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði. Salan bindur þá sjerleyfishafa og lánardrottna hans, svo og þá, sem kynnu annars að eiga veð í fyrirtækinu. Salan fer fram á kostnað sjerleyfishafa, þannig að ekkert af því andvirði, sem fæst, verði honum greitt, fyr en lánardrottinn hefir fengið skuld sína goldna.

4. Eigandaskifti á nauðungaruppboði eru því að eins lögleg, að kaupandinn sje ríkið, innlent hjerað eða einhver sá, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 36. gr., og skal meta svo, sem salan fari fram með því skilyrði, að að kaupandi, ef annar er en ríkið, gangist undir allar þær kvaðir og skilmála, sem á eigandanum hvíldu, samkvæmt sjerleyfi hans.

5. Á slíku nauðungaruppboði skal ríkið ávalt eiga forkaupsrjett að jöfnu boði við aðra, og einnig viðkomandi hjerað, að ríkinu frágengnu.

6. Ef fallvatn, orkuver eða orkuveita fellur til ríkisins, samkvæmt 34. gr., eða eru leyst inn af ríkinu, afmást öll veðbönd, er á fyrirtækinu hvíla.

#### Um sjerleyfisdom.

#### 29. gr.

1. Ef ríkisstjórn telur, að vanrækt hafi verið eða vanrækt sje að halda eða fullnægja einhverjum þeim skilyrðum, sem sjerleyfi er bundið, þá getur hún látið ganga sjerleyfisdom um það málefni. Skal hún þá tilkynna sjerleyfishafa, að sjerleyfisdomur verði látinn ganga um sök hans, og nefna sökina. Dómurinn ákveður stefnufrest. 5 menn skulu eiga sæti í sjerleyfisdomi. Hæstirjettur nefnir dómendur, og skal formaður dómsins vera einn dómenda þaðan. Sjerleyfisdomur má kalla vitni til og yfirheyra þau og eiðfesta; hann má og fresta úrskurði sínum, til að útvega frekari upplýsingar, en þó aldrei lengur en svo, að úrskurður verði feldur á 1 árs fresti frá því er hann tók við málinu.

2. Sjerleyfisdomur fellir fullnaðarúrskurð um málið, þar á meðal:

- a) hvort og að hverju leyti brotið hefir verið á móti sjerleyfisskilyrðunum,
- b) hvort brotið skuli varða sjerleyfisriftingu þegar í stað eða tiltekinni

sekt ásamt ákveðnum aðgerðum til yfirbóta á tilteknum fresti, eða að sjerleyfis-  
málefnum sje komið í löglegt horf innan tiltekins tíma.

### Um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu.

#### 30. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem sjerleyfi er bundið, varða sektum, alt að  
5 kr. á hvert hestafl, sem heimilað er til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða sjer-  
leyfisriftingu, ef miklar sakir eru.

#### 31. gr.

1. Nú er sjerleyfisbrotið fölgid í einhverri þeirri breytingu á fyrirtækinu,  
sem er til tjóns eða бага fyrir hagsmunum almennings, og það að nauðsynjalausu,  
og skal það þá varða sektum og sjerleyfishafa jafnframt gert að skyldu að hafa  
lokið tilteknum umbótum á fyrirtækinu, til að koma því í löglegt horf á tiltekn-  
um fresti, sem ekki má vera skemri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 ár, að  
viðlagðri sjerleyfisriftingu, ef út af er brugðið.

2. Ef sjerleyfishafi hefir áður verið sektaður fyrir sjerleyfisbrot, má, ef  
það kemur oftar fyrir, láta brot varða sjerleyfisriftingu.

3. Ef sjerleyfi er riftað, skal ríkisstjórnin láta selja fyrirtækið á nauð-  
ungaruppboði samkvæmt fyrirmælum 28. gr.

#### 32. gr.

1. Ef fjelag eða stofnun, sem fengið hefir sjerleyfi eftir lögum þessum, tekur  
þeirri breytingu, að þau skilyrði, sem um ræðir, eru ekki lengur fyrir hendi, eða  
sannist það, að þau hafi ekki frá upphafi verið fyrir hendi, þá skal veita frest  
til að koma málinu í löglegt horf, t. d. með því að öðlast það sjerleyfi, sem til  
þarf, eða heimild, eða með frjálsri riftingu á gerðum kaupum, eða með því að  
selja eignina einhverjum, sem hefir rjett til að eignast hana samkvæmt 3. gr. eða  
36. gr. og fyrirmælum 28. gr., eftir því sem við á, og skal sá frestur eigi skemri  
en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

2. Ef ekki er hirt um frest, sem settur hefir verið samkvæmt 1. lið þess-  
arar greinar, skal ríkisstjórn láta selja eignina á nauðungaruppboði, og fer um  
það nauðungaruppboð sem segir í 28. gr.

3. Nú gengur eign eða rjettindi í erfðir til einhvers þess, sem ekki full-  
nægir skilyrðum þessa kafla til að öðlast sjerleyfi og skal þá fara eftir ákvæðnn-  
um í 1. og 2. lið þessarar greinar, nema að samningi verði við erlendar stjórnir  
að veita lengri frest en til er tekið í 1. lið. Ef slík eign eða rjettindi tilheyrir  
innlendri konu, þá skal það vera sjereign hennar, ef hún giftist útlendum manni,  
sem ekki hefir fengið sjerleyfi.

## Um sjerleyfisslit.

### 33. gr.

1. Þá er 40 ár eru liðin frá því orkuver var tekið til starfa, hefir ríkið rjett til að leysa til sín alt orkuverið og orkuveituna, enda sje Alþingi því samþykkt. Sama rjett hefir ríkið á hverjum 5 ára fresti þar á eftir til enda sjerleyfistímans.

2. Um þá innlausn skal fara sem hjer segir: Ríkisstjórnin skal tilkynna sjerleyfishafa 5 árum fyrirfram, að hún ætli að þeim tíma liðnum að leysa orkuverið til sín og önnur tilgreind virki í sambandi við það. Þegar ríkisstjórn þá leysir slík virki til sín, skal fara um bætur til sjerleyfishafa sem hjer segir:

a) Rjettindi þau, sem sjerleyfið heimilaði, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Önnur rjettindi sjerleyfishafa og landareignir þær, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skal hann fá bætur fyrir eftir mati, ef ekki semur, en þó ekki meira en hann hefir keypt þær fyrir, og draga skal frá því matsverði fyrningarupphæð fyrir það, sem liðið er af sjerleyfistímanum, er samsvari því, að matsverðið sje afborgað að fullu í lok sjerleyfistímans.

c) Öll virki skal bæta eftir mati, ef ekki næst samkomulag. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kaupverð virkjanna, að viðbættu því, sem kostað kann að hafa verið til aukningar þeim, en að fráðreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu eftir aldri hvers eins; auk þess skal draga sjerstaklega frá fyrir skemdir og bilanir, sem kunna að hafa orðið á virkjunum umfram eðlilegt slit.

d) Þar að auki má greiða uppbót fyrir sjerleyfismi, alt að  $\frac{3}{4}$  % fyrir hvert ár, sem eftir er af sjerleyfistímanum, af öllu andvirðinu fyrir landareignir og mannvirki. Skal sjerleyfisdómur gera um þá uppbót, ef ekki semur.

### 34. gr.

1. Að sjerleyfistímanum loknum fellur fallvatnið, orkuver og orkuveitu undir full yfirráð ríkisins endurgjaldslaust.

2. Afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast, þegar innlent hjerað á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestöflum. Í stað þess má að loknum leyfistíma framlangja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

### 35. gr.

1. Þegar ekki eru nema 6 ár eftir af sjerleyfistímanum, og í síðasta lagi svo, að 4 ár sjeu eftir, má sjerleyfishafi senda ríkisstjórninni umsókn um nýtt sjerleyfi til afnota af vatnsfallinu með tilheyrandi landspildum. Á þeim sama tíma skulu og þeir aðrir senda umsóknir um slíkt sjerleyfi, sem hafa hug á því. Allar þær umsóknir verða að vera samdar í samræmi við fyrirmæli, er þar um gilda.

2. Þegar þessi umsóknarfrestur er úti, skal ríkisstjórnin svara umsóknunum í samræmi við þá gildandi lög og reglur.

3. Ef sjerleyfishafinn sækir, og hafi hann rækt sjerleyfisskilyrði sin við hæfi ríkisstjórnarinnar, og álitit hún, að umsókn hans sje fult eins aðgengileg og nokkur hinna, með tilliti til hagsmuna almennings, þá skal sjerleyfishafi hafa forgangsrjett fyrir öðrum umsækjendum, ef sjerleyfi verður veitt.

4. Nú ræður ríkisstjórn það af, að sjerleyfishafa skuli ekki veitt nýtt sjerleyfi, og skal hún þá gera honum það kunnugt eigi síðar en að 3 ár sjeu eftir af sjerleyfistímanum, að öll sjerleyfisrjettindi hans falli niður, þegar kemur að þeim degi, sem ríkisstjórn þá tiltekur. Er sjerleyfishafa skylt að hlíta þeim úrskurði afdráttarlaust.

#### IV. kafli.

##### Um sjerleyfi handa útlendum mönnum.

###### 36. gr.

1. Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafa laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Heimilt er ríkisstjórn þá að setja þau frekari eða fleiri skilyrði, sem almenningsheill krefur.

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje meiri hluti stjórnar þess skipaður innlendum mönnum.

3. Ákvæði fyrri málsgreinar í 25. gr. ná einungis til þess fjárstofns, sem í sjerleyfi er áskilið, að sje innlend eign (9. gr. 13.).

###### 37. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bág við lög þessi.

##### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við frumvarp það til laga um vatnsorkusjerleyfi, er lagt var fyrir Alþingi 1923, gerði allsherjarnefnd efri deildar nokkrar breytingar, er aðallega gengu í þá átt að rýmka skilyrðin um sjerleyfin.

Þessi rýmkun tekur fyrst og fremst til smávirkjunar úr fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, sbr. 49. gr. vatnalag-

anna, má virkja án sjerleyfis fallvatn til orkunýtingar, ef fallvatnið hefir eigi meira en 500 eðlishestöfl. Ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl. má þar á móti eigandi eða umráðamaður vatnsrjettindanna eigi virkja það til orkunýtingar eða nokkurn hluta þess án sjerleyfis. En þegar svo stendur á, að maður vill virkja úr slíku fallvatni minna en 500 hestöfl, þá hefir nefndinni þótt sanngjarnt að lina á skilyrðunum fyrir þessu leyfi, bæði á þann hátt að heimila ríkisstjórninni að veita slíkum umsækjanda undanþágu frá þeim ákvæðum 4. gr., sem mundu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað eða fyrirhöfn, og í öðru lagi með því að veita slíkum smærri virkjunum ívilnanir í sjerleyfisgjaldinu. Þannig leggur nefndin til, að ef hestaflatala sú, sem heimilað er að hagnýta, nemi ekki meiru en 200 eðlishestöflum, þá skuli ekkert sjerleyfisgjald greiða, en nemi hestaflatalan 200—500 eðlishestöflum, megi ríkisstjórnin setja árgjaldið lægra en hið minsta gjald, 50 auru af hestafli, eða jafnvel láta það falla niður með öllu.

Þá hefir nefndin rýmkað sjerleyfis-skilyrðin á þann hátt, að hún hefir lagt til, að sjerleyfistíminn verði lengdur um 10 ár, eða upp í 75 ár, svo og að árgjald það, sem upphaflega er ákveðið, skuli haldast óbreytt í 35 ár, í stað 25 ára.

Með því að ráðuneytið telur þessar breytingar allar yfirleitt til bóta, leggur það frumvarpið fram eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.